

## Fundargerð byggingarnefndar fyrir nýjan skóla í Björkurstykki

\*\*\*\*\*

### 21. fundur byggingarnefndar fyrir nýjan skóla í Björkurstykki haldinn mánudaginn 4. febrúar 2020 í Norðursal, Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, kl. 15:00.

Mætt: Arna Ír Gunnarsdóttir, formaður, Tómas Ellert Tómasson, Hrund Harðardóttir, Helga Sighvatsdóttir, Óðinn K. Andersen, Atli Marel Vokes, Eiríkur Steinn Búason, Birgir Edwald, Bragi Bjarnason, Ólafur Þ. Hersisson frá Hornsteinum, Kári Gunnarsson frá Eflu og Þorsteinn Hjartarson sem ritaði fundargerð.

- 1) Ólafur rifjaði upp ýmislegt sem var rætt á síðasta fundi. Drög að lóðarblaði hefur borist frá VERKÍS. Kynnti grunnmynd að vísu að kjallara fyrir tæknirými sem er rétt við innganginn. Efla er að skoða þau mál.

Hægt var að færa fjölnotasalinn til sem hentar betur v/skiptingar salarins, hljóðvistar o.fl. Frístund fyrir 1.-2. bekk hefur verið færð til að nú tengist hún betur skólalóð og matsal. Leikskóla hefur verið snúið svolítið. Stjórnunin hefur verið færð nær leikskólanum. Ýmsir möguleikar eru í leikskólanum að bæta við rýmum svo sem kaffistofu og aðstöðu fyrir stjórnendur.

Á 2. hæð er aðalbreytingin er á þá leið að vera með hluta af því rými fyrir ofan frístundaheimilið og meiri nánd við leikskólann. Kynnti fleiri breytingar er snerta m.a. tónlistarskólann. Sýndi hvernig 1. áfangi lítur út. Bent á þörf fyrir að byggingin geti sinnt 1.-5. eða 6. bekk í fyrsta áfanga til tveggja ára.

Efla er að kanna með mismunandi burðarmódel fyrir þessa byggingu. Bent var á að mögulega væri hægt að byggja Suzuki sal í 1. áfanga og nýta fyrir grunnskólann til að byrja með. Uppfærum þetta þannig að byggja alla miðjuna í 1. áfanga.

Umræða um íþróttasalinn (608 m<sup>2</sup>) Hvernig sjáum við notkunina eftir skóla fram á kvöld? Viljum við að sé hægt að keppa í einhverju þarna? Gæti þetta verið millileikur fyrir fimleikana? Svigrúm er til staðar til breytinga. Umræða um fjölda búningaklefa. Bent á gott fyrirkomulag í Vallaskóla og í Iðu. Þetta verður tekið áfram v/þarfagreiningar íþróttamannvirkja í Árborg. Hvað er mikið svigrúm til stækkunar íþróttahúss?

Nú þar að uppfæra teikningu fyrir 1. áfanga út frá áherslum fundarins. Hornsteinar og Efla munu funda næst á föstudaginn.

Áætlanir v/jarðvinnu í vor ættu að geta gengið eftir.

Fyrir næsta fund þarf að senda erindi á byggingarnefnd v/1. áfanga. Á næsta fundi byggingarnefndar ættum við að geta gengið frá 1. áfanga.

Næsti fundur verður haldinn þriðjudaginn 18. febrúar kl. 13-14:30.

Fundi slitið kl. 16:05.